



179. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 9. desember 2010 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Helgi Sigurðsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson og Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Örn Andrésen, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

1. Kynning MMR á könnun um ÍSÍ

Anný Berglind Thorstensen kynnti niðurstöður úr könnun sem MMR framkvæmdi í lok október og byrjun nóvember sl. um ímynd ÍSÍ. Niðurstöðurnar eru forvitnilegar og gefa góða yfirsýn yfir stöðu sambandsins. Vinnuhópur um ímyndarmál mun greina niðurstöðurnar betur og setja saman hugmyndir að næstu skrefum.

2. Ólympísk verkefni

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu ólympískra verkefna.

EYOWF og EYOF 2011:

Undirbúningur gengur vel. Farið yfir áætlaðan keppendafjölda. Samþykkt var á síðasta ársþingi EOC að Vetrarleikar Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar 2015 fari fram í Liechtenstein/Austurríki og að Sumarleikarnir 2015 fari fram í Tíblisi í Georgíu.

Smáþjóðaleikar í Liechtenstein 2011

113 eru forskráðir. Verið er að fara yfir mögulegar ferðaáætlanir. Aðalfararstjórafundur verður haldinn í byrjun apríl.

London 2012

Undirbúningur gengur vel. Verið að vinna í búnaðarmálum og gistingu. Miðapöntun var skilað inn 30. nóvember sl. í samstarfi við Icelandair, sem mun sjá um sölu á miðum til almennings.

3. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 178. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 2.12.2010 og 9.12.2010
- Afrekssviðs frá 1.12.2010
- 56. Fundur Almenningsíþróttasviðs frá 2.12.2010
- Heilbrigðisráðs frá 15.9., 11.10. og 30.11. 2010
- SÍÓ frá 19.10. og 16.11.2010
- Kvennahlaupsnefnd, 4. fundur frá 1.12.2010
- 564., 565. og 566. fundur Íslenskrar Getspár
- 5.,6. og 7. fundur Íslenskra getrauna

4. Viðburðir framundan

Farið yfir fundi og aðra viðburði sem framundan eru.

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka Íþróttafréttamanna verður haldið 5. janúar á Grand Hótel Reykjavík.

5. Næstu fundir

Samþykkt að næstu fundir framkvæmdastjórnar verði haldnir 4. janúar og 3. febrúar og hefjist kl. 16:00.

Samþykkt að flýta Íþróttapingi ÍSÍ og halda það 8.-9. apríl nk., í ljósi þess að það stangast á við mikilvæga fundi í tengslum við undirbúning Ólympíuleikanna í London.

6. Önnur mál

Lög ÍSÍ

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að lagfæra tilvísanir í lögum ÍSÍ eftir ábendingar frá IOC. Fundarmenn fóru yfir lagfæringarnar og staðfestu að tilvísanir væru nú réttar.

Sjóðir ÍSÍ

Helgi Sigurðsson spurðist fyrir um fjárhagsstöðu ÍSÍ og sjóða þess, í ljósi fréttu um tap UMFÍ á fjármunum í áhættusjóðum fjárfestingabanka.

Gjaldkeri skýrði frá því að allir sjóðir ÍSÍ væru og hefðu verið í öruggri ávöxtun og ekkert fé hefði tapast vegna hrunsins.

Vinnuhópur um innra skipulag

Helga Steinunn skýrði frá starfi vinnuhóps um innra skipulag. Hún sagði vinnuhópin stefna að því að leggja lokaskýrslu fyrir á næsta fundi.

Fjárlög Alþingis

Gjaldkeri greindi frá því að þriðja umræða um Fjárlög 2011 væri framundan á Alþingi og enn væri unnið að því að fá inn leiðréttingar á ríkisframlögum til íþróttahreyfingarinnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari